

# ÁRSSKIL

## – skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2005 –

Hjálögð fylgir skýrsla til uppgjors á virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilsins janúar-desember 2005.

Henni ber að skila eigi síðar en á gjalddaga  
**6. febrúar n.k.**

Áriðandi er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og velta því engin verið á árinu (núllskýrsla).

**Greiðsluskýrslu** skal skila ásamt greiðslu til banka, sparisjóðs eða innheimtumanns ríkissjóðs.

**Inneignarskýrslu og núllskýrslu** skal skila beint til viðkomandi skattstjóra. Inneignarskýrslu skulu fylgja

- 1) afrit af ársreikningi 2005
- 2) eða hreyfingalistar inn- og útskatts 2005
- 3) eða ljósrit af bókhaldshefti 2005.

**Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast við því að skattstjóri hafni skýrslu og áætli virðisaukaskatt.**

Vakin er athygli á því að skila má virðisaukaskattsskýrslu ásamt greiðslu með rafrænum hætti. Sótt er um rafræn skil á vef ríkisskattstjóra ([rsk.is/vefskil](http://rsk.is/vefskil)).

### Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Hjálagt er einnig eintak af leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts.

Henni skal skila ef leiðréttu þarf áður innsenda virðisaukaskattsskýrslu eða ef breyting verður á forsendu ársskila.

Ef skattskyld velta ársins 2005 var 800.000 kr. eða meira þá er forsenda fyrir skilum einnar skýrslu fyrir allt árið brostin. Ber þá að útfylla leiðréttingarskýrslu og skipta veltu og skattfjárhæðum skipt niður á tveggja mánaða uppgjörstímabil ársins. Virðisaukaskattur ársins, tilfallinn fyrir og á því tveggja mánaða uppgjörstímabili sem var að líða þegar velta náði 800.000 kr., féll í gjalddaga einum mánuði og fimm dögum eftir lok þess uppgjörstímabils. Jafnframt bar að gera upp fyrir hvert tveggja mánaða uppgjörstímabil eftir þann tíma. Því getur komið til álagsútreiknings (sjá um hann á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar). Leiðréttingarskýrslu ber að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu, nema um inneign sé að ræða, þá til viðkomandi skattstjóra. Vakin er athygli á að unnt er að fylla skýrsluna út á vef ríkisskattstjóra og prenta út en henni er þó ekki unnt að skila rafrænt að svo stöddu.

## ALLT UM rafræn skil á [rsk.is/vefskil](http://rsk.is/vefskil)

Minnt er á bæklinginn „Til minnis um ársskil“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á [rsk.is](http://rsk.is)

Hjálögð er orðsending vegna virðisaukaskatts nr. 1/2006 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá þjónustusviði RSK, sími 563-1100 og skattstjórum um land allt.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA